

Fundur 12. febrúar 2007.

FUNDARGERÐ

Árið 2007 þann 12. febrúar kl. 18:00 kom brunavarna- og almannavarnanefnd Reykhólahrepps til fundar að Maríutröð 5 a á Reykhólum.

Mættir aðalmenn: Egill Sigurgeirsson, Bjarki Stefán Jónsson, Örn Steinsson.

Einnig mættir: Ragnar Jóhannsson slökkviliðsstjóri og Hafliði Ólafsson.

Dagskrá:

1. Kosning formanns, varaformanns og ritara.

Tillaga kom frá Stefáni svohljóðandi.

Formaður: Egill Sigurgeirsson

Varaformaður: Bjarki Stefán Jónsson

Ritari: Örn Snævar Sveinsson

Var tillagan samþykkt.

2. Borgarafundur.

Rædd málefni löggæslu og almannavarna, en mætt voru: Kristín Völundardóttir lögreglustjóri, Jónas Sigurðsson varðstjóri, Jón Svanberg aðalvarðstjóri,

Rögnvaldur Ólafsson frá ríkislögreglustjóra og Jón Bjarni Geirsson forvarnar- og fræðslufulltrúi.

Sjá tölvuritaða fundargerð K.V. meðfylgjandi.

3. Önnur mál.

Ragnar Jóhannsson slökkviliðsstjóri tilkynnti að hann óskaði eftir leyfi frá störfum í eitt ár frá 1. apríl 2007. Samþykkt að veita honum leyfið og hann skili inn skriflegum pappírur um óskina.

Samþykkt að auglýsa stöðuna til eins árs.

Brunavarnaráætlun, Ragnar J. sagði að hún væri tilbúin að öðru leyti en því að það vantaði loftmynd af höfninni í Flatey.

Rætt um óskir Brunamálastofnunar að slökkviliðsstjóri skili inn skýrslum og áætlunum sem stofnunin hefur beðið um. Koma þessum málum á hreint strax.

Fundi slitið kl. 20:00

Egill Sigurgeirsson (sign)

Bjarki Stefán Jónsson (sign)

Ragnar Jóhannsson (sign)

Örn Steinsson (sign)

Hafliði Ólafsson (sign)